

**SAMPYKKTIR FYRIR
VINNSLUSTÖÐINA HF.,
VESTMANNAEYJUM**

1. KAFLI

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Nafn félagsins er Vinnslustöðin h.f.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Hafnargötu 2, Vestmannaeyjum.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að starfrækja fiskvinnslu og útgerð fiskiskipa á sem fjölbreytilegastan hátt, til endursölu á hagkvæmustu mörkuðum, innlendum sem erlendum. Kaup á hverskonar sjávarafla til vinnslu og endursölu. Einnig verslun og þjónusta tengd aðalstarfsemi félagsins, svo og rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa og annar skyldur atvinnurekstur.

2. KAFLI

Hlutfé félagsins

4. gr.

Hlutfé félagsins er 17.771.155,- evrur. Hluthafafundur einn getur samþykkt frekari aukningu hlutfjár í félaginu, hvort sem hún fer fram með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Hluthafar hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Nú notar einhver hluthafa ekki rétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. hefur heimild til að auka hlutfé félagsins um allt að 10%, sbr. 41. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimildin gildir til fimm ára, talið frá 2. júní 2015. Forgangsréttur hluthafa Vinnslustöðvarinnar til skráningar við útgáfu og sölu nýs hlutfjár samkvæmt þessu ákvæði skal ekki gilda um hlutféð. Við sölu hlutfjárins skal stjórn Vinnslustöðvarinnar láta sérfróðan aðila leggja mat á heildarvirði hlutfjár Vinnslustöðvarinnar og skal stuðst við það virðismat við sölu hlutfjárins. Heimilt skal að gefa út hlutfé skv. þessu ákvæði í tengslum við samruna við önnur útgerðarfyrirtæki eða kaup á fyrirtækjum í útgerðartengdum rekstri og nýta hlutféð sem greiðslumiðil í slíkum viðskiptum.

5. gr.

Hlutfé félagsins skiptist í einnar evru hluti eða margfeldi þeirra. Hlutabréf félagsins skulu skráð með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í löggiltu formi og skal hlutaskráin geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá. Veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.

7. gr.

Sá sem eignast hefur hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Atkvæðisréttur hluthafa miðast við hluthafaskrá í lok síðasta viðskiptadags fyrir hluthafafund. Skal arður á hverjum tíma svo og tilkynningar allar sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá. Hver hluthafi skal tilkynna stjórn félagsins heimilisfang sitt. Félagið ber enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hafi verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti. Eigendaskipti að hlutabréfi, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf eða arftöku, skal ávallt tilkynna skriflega til stjórnar félagsins jafnskjótt og þau fara fram.

8. gr.

Um heimild erlendra aðila til að eignast hlut í félaginu fer eftir ákvæðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

9. gr.

Hver hluthafi er skyldur til þess, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum þessum eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt sbr. 30. gr. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Þessu ákvæði verður ekki breytt eða það fellt niður með neinni samþykkt í félaginu.

3. KAFLI Hluthafafundur

10. gr.

Lögmætir hluthafafundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins með takmörkunum þeim sem landslög og samþykktir þessar setja. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafundi og taka þar til máls. Sama rétt hefur framkvæmdastjóri og endurskoðendur þess þótt þeir séu ekki hluthafar. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð á fundinum. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

11. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum einnar evru hlut í félaginu. Eigin hlutir félagsins eða hlutir sem dótturfyrirtæki félagsins eiga skulu ekki taldir með þegar krafist er samþykkis allra hluthafa eða aukins meirihluta skv. landslögum eða samþykktum þessum.

12. gr.

Aðalfund félagsins skal halda í Vestmannaeyjum eigi síðar en í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og gerir grein fyrir starfseminni á liðnu ári.
2. Stjórnin leggur fram til staðfestingar reikninga félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdum og tillögum endurskoðenda ef þær eru fyrir hendi.
3. Tekin ákvörðun um það hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á liðnu reikningsári.
4. Kosning stjórnar félagsins skv. 19. grein.
5. Kosning endurskoðenda félagsins skv. 27. gr.
6. Samþykkt starfskjarastefnu.
7. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðenda.
8. Afgreiðsla á tillögu um heimild til handa stjórn félagsins til kaupa á eigin hlutum í félaginu.
9. Önnur mál.

13. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins telur þess þörf, eða hluthafafundur ákveður það. Ennfremur skal boða til aukafundar innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess.

14. gr.

Stjórn félagsins annast boðun hluthafafunda. Aðalfund skal boða með hálfsmánaðar fyrirvara en aðra hluthafafundi með minnst viku fyrirvara. Sé samþykkt að fresta fundi um meira en fjórar vikur, skal boða sérstaklega til framhaldsfundarins. Til hluthafafunda og aðalfunda skal boða með auglýsingu í blöðum. Auglýsing vegna aðalfundar skal birtast tvisvar, í fyrra skipti a.m.k. hálfum mánuði fyrir aðalfund en í síðara skiptið með a.m.k. viku fyrirvara. Auglýsing vegna annarra hluthafafunda nægir að birta einu sinn a.m.k. viku fyrir fund. Auglýsingar vegna hluthafa- eða aðalfunda skulu birtar í a.m.k. einu bæjarblaði í Vestmannaeyjum og einu dagblaði sem dreift er á landsvísu. Í fundarboði skal tilgreina málefni þau sem taka á til meðferðar á fundinum.

Ef stjórn félagsins lætur hjá líða að boða til hluthafafundar sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar skal ráðherra láta boða til fundarins ef stjórnarmaður, fulltrúanefndarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi krefst þess.

15. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar félagsins svo snemma að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningar og samstæðureikningar og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis. Mál sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þó má bera upp á fundinum viðauka- og breytingartillögur við fram komnar aðaltillögur og ennfremur getur hluthafafundur afgreitt þau mál sem skylt er að taka til meðferðar á honum skv. 12. gr.

16. gr.

Hluthafafundi stýrir fundastjóri sem fundurinn kýs. Tilnefnir fundastjóri fundarritara með samþykki fundarins. Fundastjóri sker úr öllum vafaatriðum er varða fundarsköp.

Fundarritari skal skrá í fundargerðarbók ákvarðanir fundarins ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna.

17. gr.

Í upphafi hluthafafundar skal taka saman skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa sem fund sækja, til þess að ljóst sé á hversu mörgum atkvæðum úrslit ráðast, nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Ef tillaga fær jöfn atkvæði með eða á móti telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði við kosningu til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal hlutkesti ráða.

18. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til eftirgreindra ákvarðana:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins ef það er öðrum í hag en hluthöfum.
 2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
- Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

4. KAFLI

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins

19. gr.

Aðalfundur kýs fimm menn í stjórn félagsins og tvo varamenn til eins árs í senn. Meirihluti stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum er landslög setja.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef fram koma tillögur um fleiri menn en kjósa skal. Framboð til stjórnarkjörs skal hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir hluthafafund. Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjár, krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við stjórnarkjör. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Sé krafist bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar skal beita margfeldiskosningu.

Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutfall stjórnar sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar.

Ef ljóst er fimm dögum fyrir aðalfund að komandi stjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 3. mgr. 19. gr. samþykktu þessara skal sitjandi stjórn birta tilkynningu þess efnis að framboðsfrestur til stjórnar hafi verið framlengdur. Skal stjórn þá einungis taka við framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi frambjóðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir aðalfund skal stjórn boða til framhaldsaðalfundar 3-4 vikum eftir aðalfund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsaðalfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 3. mgr. 19. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

Náist kynjahlutföll 3. mgr. 19. gr. ekki við kosningu stjórnar á hluthafafundi skal sá er fékk flest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er fæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu. Hafi slík kynjahlutföll ekki enn náðst skal sá er fékk næstflest atkvæði af þeim sem náðu

ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er næstfæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu.“

20. gr.

Stjórn félagsins kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Formaður kveður til stjórnarfundu og stýrir þeim. Fund skal og halda ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri eða endurskoðendur krefjast þess. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að mættir séu þrír stjórnarmenn eða fleiri, aðalmenn eða varamenn. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Það sem gerist á stjórnarfundum skal bóka í fundargerðabók félagsins. Skulu þeir sem fundi sitja jafnan rita undir fundargerð.

21. gr.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Helstu störf stjórnarinnar eru:

1. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
2. Að taka stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi félagsins.
3. Að hafa stöðugt eftirlit með rekstri félagsins, sérstaklega með bókhaldi og meðferð á fjármunum þess.

22. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift þriggja stjórnarmanna nægileg til þess.

23. gr.

Framkvæmdastjóri félagsins annast daglegan rekstur þess í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnar. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða meiriháttar, getur framkvæmdastjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Þoli slíkar ráðstafanir ekki bið er honum þó heimilt að grípa til þeirra, enda tilkynni hann stjórninni það án tafar. Framkvæmdastjóri ræður starfskrafta fyrir félagið að þörfum þess og veitir þeim lausn frá störfum. Stjórn félagsins veitir framkvæmdastjóra, svo og öðrum starfsmönnum, ef hentugt þykir, heimild til að rita firma félagsins.

24. gr.

Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórninni og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi félagsins sem þeir óska.

25. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um slík atvik. Stjórn félagsins, framkvæmdastjóri eða aðrir þeir er hafa heimild til þess að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa félagsins.

5. KAFLI

Reikningshald og endurskoðun

26. gr.

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

27. gr.

Aðalfundur kys til eins árs í senn endurskoðunarfélag eða löggiltan endurskoðanda og varamann hans. Endurskoðun á félagsreikningum skal vera lokið tveim vikum fyrir aðalfund.

6. KAFLI

Ráðstöfun ágóða þ.á.m. úthlutun arðs

28. gr.

Aðalfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun árságóða. Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögu um skiptingu ágóðans þ.á.m. hve stór hundraðshluti skuli lagður í varasjóð og hve miklum arði skuli úthlutað til hluthafa. Að jafnaði er ekki heimilt að úthluta meiri arði en stjórnin leggur til eða samþykkir á aðalfundi. Aðalfundarsamþykkt á útborgun arðs, er gjaldfallin að lokinni aðalfundarsamþykkt. Hluthafafundur eða stjórn félagsins getur ákveðið að verja hóflegum fjárhæðum af fjármunum félagsins til almannaheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi.

7. KAFLI

Eigið hlutafé félagsins

29. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en átján mánaða. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

8. KAFLI

Breytingar á samþykktum félagsins

30. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á löglega boðuðum hluthafafundi enda sé fyrirhugaðra breytinga getið í fundarboði. Samþykktum verður því aðeins breytt ef tillaga þess efnis hlýtur að minnsta kosti 2/3 hluta greiddra atkvæða á fundinum, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum

31. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að eftirgreindar breytingar verði gerðar á samþykktum þessum.

1. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 22. og 23. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

2. Að skylda hlutahafa til að þola innlausn á hlutabréfum sínum nema um félagsslit sé að ræða.
3. Að skerða rétt hluthafa eða auka skuldbindingar þeirra eins og segir í 18. grein 1. og 2. tl.

Breytingar á samþykktum sem raska réttarsambandinu milli hluthafa verða því aðeins gerðar að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jáyrði.

9. KAFLI

Slit á félaginu og samruni þess við annað félag eða félög

32. gr.

Með tillögu um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun og greiðslu skulda.

10. KAFLI

33. gr.

Þar sem ákvæði samþykktu þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykktir þessar voru samþykktar á hluthafafundi félagsins þann 21. september 2011. Breytingar voru gerðar á samþykktunum á aðalfundi þann 28. júní 2013, á hluthafafundi þann 8. október 2014, á aðalfundi 2. júní 2015 og á aðalfundi 6. júlí 2016.

Vestmannaeyjum 6. júlí 2016

F.h. Vinnslustöðvarinnar hf.
